

LEIKJAHANDBÓK HOLTASKÓLA

Þemadagar - 24. - 28. nóv 2025

EFNISYFIRLIT

- 01 9 REITA PÓGÓ**
- 02 BOLTA GOLF**
- 03 FÓTSKOTBOLTI**
- 04 LIÐA SKOTBOLTI**
- 05 SKOTKARFA**
- 06 SPARKÓ**
- 07 STAR WARS**
- 08 STINGER**

01 - 9 REITA PÓGÓ

FJÖLDI: 9 LEIKMENN (1 Í HVERJUM REIT) AÐRIR LEIKMENN BÍÐA Í RÖÐ UTAN REITINA

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ, ÚTI, INN Í STOFU

ÁHÖLD (ÍPRÓTTAHÚS): 1 BOLTA, 16 KEILUR - ÁHÖLD (ÚTI): 1 BOLTI, KRÍT EÐA MÁLNINGU

LEIKLÝSING: ÞAÐ SPILA 9 LEIKMENN, 1 Í HVERJUM REIT, OG SÁ SEM ER Í MIÐJU REITINUM ER KÓNGURINN. UMFRAM LEIKMENN BÍÐA Í RÖÐ UTAN REITINA. MARKMIÐIÐ ER AÐ VERÐA KÓNGUR. HVER REITUR ER NÚMERAÐUR, 1 UPP Í 9. KÓNGURINN ER REITUR 9. KÓNGURINN BYRJAR LEIKINN, HANN SLÆR Í BOLTANN UPP Á VIÐ Í NÆSTA REIT. SÁ SEM FÆR BOLTANN Í SINN REIT ÞARF AÐ SLÁ Í BOLTAN EFTIR EITT SKOPP, EF BOLTINN SKOPPAR OFTAR ÞÁ ER SÁ LEIKMAÐUR ÚR LEIK OG ALLIR FÆRA SIG UPP UM EINN REIT.

ÞAÐ MÁ EKKI “SMASH-A” (BERJA) BOLTANN Í NÆSTA REIT.

ÞAÐ MÁ EKKI SKÓFLA OG BOLTINN VERÐUR AÐ VERA A.M.K. 5CM YFIR GÓLFINU.

ÞAÐ MÁ EKKI SNERTA BOLTANN TVISVAR.

02 - BOLTA GOLF

FJÖLDI: 4 HÓPAR

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ

ÁHÖLD: BLAKBOLTI, FÓTBOLTI, KÖRFUBOLTI, BANDIKYLFA OG BANDIBOLTI. HINDRANIR, T.D. DÝNUR. KERRUR, KÖRFUR O.S.FRV.

LEIKLÝSING: ÞRAUTABRAUT. SETJA UPP HINDRANIR UM BRAUTINA. HAFNA KÖRFU EÐA MARK FYRIR AFTAN HINDRANIRNAR, MARKMIÐIÐ ER AÐ BYRJAR Á BYRJUNARREIT OG ENDA MEÐ ÞVI AÐ HITTA Í MARK. SVIPAÐ OG MINIGOLF, ÞANNIG AÐ ÞÚ SKÝTUR FRÁ ÞEIM STAÐ SEM BOLTINN STOPPAR HJÁ. HÆGT AÐ ÚTFÆRA Á EINFALÐAN EÐA FLÓKINN HÁTT. HENTUGT FYRIR ALLAN ALDUR.

03 - FÓTSKOTBOLTI

FJÖLDI: 10-20 LEIKMENN

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ

ÁHÖLD: 5 BLAKBOLTAR FYRIR 10 LEIKMENN, 15 BLAKBOLTAR FYRIR 20 LEIKMENN

LEIKLÝSING: ÞESSI LEIKUR BYRJAR ÞANNIG AÐ KENNARARNIR KASTA/SPARKA BOLTUNUM UPP Í LOFTIÐ OG NOKKRIR FÁ BOLTA. LEIKMAÐURINN MEÐ BOLTA KASTAR HONUM UPP Í LOFT OG SPARKAR Í HANN Í MIÐJU LOFTI (VOLLEY). EF BOLTINN FER Í ÞIG ÞEGAR EINHVER SPARKAR HONUM ÞÁ ERTU ÚR LEIK OG SEST NIÐUR. ÞÚ KEMST AFTUR INN Í LEIKINN MEÐ ÞVÍ AÐ FÁ BOLTA TIL SÍN. ÞAÐ ERU EINUNGIS 3 SKREF MEÐ BOLTA.

04 - LIÐA SKOTBOLTI

FJÖLDI: 4 LIÐ, EF FÆRRI EN 20 ÞÁTTAKENDUR ÞÁ ERU EINUNGIS 2 LIÐ

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ EÐA ÚTI

ÁHÖLD: 5 SKOTBOLTAR Á HVERT LIÐ, 3 SKOTBOLTAR EF ÞAÐ ERU 2 LIÐ, VESTI

LEIKLÝSING: LIÐIN BYRJA Í HVORU HORNI FYRIR SIG, ÞEGAR ÖLL LIÐIN ERU KOMIN MEÐ 5 (EÐA 3) SKOTBOLTA, ÞÁ BYRJAR LEIKURINN. HEFÐBUNDNAR SKOTBOLTA REGLUR, EF ÞÚ ERT SKOTINN ÚR ÞÁ SESTU NIÐUR. ÞÚ KEMST AFTUR INN Í LEIKINN EF BOLTI RÚLLAR TIL ÞÍN. ÞAÐ MÁ EKKI DÚNDRA BOLTA OG ÞAÐ MÁ HELDUR EKKI KASTA VILJANDI Í HÖFUÐ Á ÖÐRUM. LEIKURINN ER BUINN ÞEGAR EITT LIÐ STENDUR EFTIR, Þ.E.A.S. ALLIR Í HINUM LIÐUNUM ERU SKOTNIR ÚR LEIK.

05 - SKOTKARFA

FJÖLDI: 10 - 50 MANNS

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ EÐA ÚTI

ÁHÖLD: 2 SKOTBOLTAR, 1 KÖRFUBOLTI OG 1 KARFA.

LEIKLÝSING: ALLIR ÞÁTTTAKENDUR LEGGJAST Í GRÚFU OG HALDA FYRIR AUGUN. LEIKSTJÓRNANDI FELUR 2 SKOTBOLTA, OG KALLAR SVO AÐ ÞAÐ MEGI BYRJA ÞEGAR SKOTBOLTARNIR HAFNA VERIÐ FALDIR. ÞÁTTTAKENDURNIR FARA SVO AÐ FINNA SKOTBOLTANA OG LEIKREGLUR ERU EINS OG Í HEFÐBUNDNUM SKOTBOLTA. EF ÞÁTTTAKENDUR ERU 10-15, ÞÁ MÁ STANÐA UPP EF BOLTI RÚLLAR TIL ÞÍN. FLEIRRI EN 20, EF ÞÚ ERT SKOTINN ÚR, ÞÁ ERTU ÚR ALLANN LEIKINN. EINUNGIS 3 SKREF MEÐ BOLTA. SÁ SEM ER EINN EFTIR, HANN FÆR KÖRFUBOLTA OG FÆR AÐ SKJÓTA VÍTASKOT. EF HANN SKORAR VINNUR HANN LEIKINN, EF HANN KLIKKAR BYRJAR SKOTBOLTINN AFTUR UPP Á NÝTT. SÁ SEM VINNUR FLESTU LEIKINA ER SIGURVEGARINN.

FJÖLNIR, ADAM, DMITRI, JAWAD

06 - SPARKÓ

FJÖLDI: 2 LIÐ (4 - 40 LEIKMENN)

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ EÐA ÚTI

ÁHÖLD: BOLTI, KEILUR, DÝNUR, HÚLLAHRINGUR

LEIKLÝSING: TVÖ LIÐ. ANNAÐ LIÐIÐ (INNILIÐIÐ) Á AÐ SPARKA OG HITTA LIÐIÐ Á AÐ GRÍPA. EINN SPARKAR Í EINU OG HINIR ERU Í RÖÐ Í INNILIÐINU. ÚTILIÐIÐ Á AÐ REYNA GRÍPA BOLTANN OG KASTA TIL POTTARINS. Í POTTINUM ER EINN ÚR ÚTILIÐINU. EF ÚTILIÐIÐ GRÍPUR Í FYRSTA ÞÁ ER SPARKARINN ÚR LEIK OG FER AFTAST Í RÖÐINA. INNILIÐIÐ Á AÐ SPARKA OG HLAUPA Í HRING SEM AFMARKAÐUR ER AF 6 HÖFNUM/DÝNUM. EF HLAUPARINN ER Á MILLI HAFNA OG ÞAÐ ER GRÍPIÐ EÐA BOLTINN KOMINN Í POTTINN ÞÁ ER HLAUPARINN ÚR LEIK, FER AFTAST Í RÖÐINA. Í HVERT SKIPTI SEM HLAUPARI KEMST Í MARK ÞÁ FÆR LIÐIÐ STIG. EF HLAUPARI KEMST HEILAN HRING ÁN ÞESS AÐ STOPPA ÞÁ FÆR LIÐIÐ 2 STIG.

07 - STAR WARS

FJÖLDI: 2 LIÐ (10 - 40 LEIKMENN)

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ EÐA ÚTI

ÁHÖLD: 5-10 SKOTBOLTAR, KEILUR, DÝNUR

LEIKLÝSING: TVÖ LIÐ. BÆÐI LIÐ BYRJA FYRIR AFTAN LÍNU SEM ER JAFNLANGT FRÁ MIÐJUNNI. SKOTBOLTARNIR ERU RAÐAÐIR UPP VIÐ MIÐJUNNI. LEIKURINN BYRJAR Á ÞVÍ AÐ LIÐIN REYNA AÐ SÆKJA SEM FLESTA SKOTBOLTA, SÍÐAN ÞURFA ÞAU AÐ BAKKA FRÁ MIÐJUNNI AÐ BYRJUNARLÍNU. ÞAÐ MÁ EKKI KASTA SKOTBOLTA FYRR EN ALLIR HAFA BAKKAÐ AÐ BYRJUNARLÍNU. ÞAÐ MÁ EKKI FARA YFIR MIÐJULÍNUNA, NEMA ÞEGAR MAÐUR ER SKOTINN ÚR. DÝNURNAR ERU RAÐAÐAR UPP HJÁ BYRJUNARLÍNUNUM, LEIKMENN SEM ERU SKOTNIR ÚR ERU Á DÝNU Á SVÆÐINU HJÁ MÓTHERJA. ÞEIR MEGA EKKI FARA AF DÝNUNNI NEMA ÞEIR GRÍPA BOLTA FRÁ SÍNU LIÐI. EF ÞEIR GRÍPA BOLTA FARA ÞEIR AFTUR YFIR MIÐJUNA OG MEGA SPILA AFTUR.

08 - STINGER

FJÖLDI: 3+ LEIKMENN

STAÐSETNING: ÍPRÓTTAHÚSIÐ EÐA ÚTI

ÁHÖLD: 2 KÖRFUBOLTAR, KARFA

LEIKLÝSING: ÞÁTTTAKENDUR MYNDA RÖÐ HJÁ ANNADHVORT VÍTALÍNU, ÞRIGGJA STIGA LÍNU EÐA MIÐJU LÍNU. FREMSTU TVEIR ÞÁTTTAKENDUR ERU MEÐ EINN BOLTA HVOR. SÁ SEM ER Á UNÐAN/FREMSTUR (NR 1) ÞARF AÐ SKORA ÁÐUR EN SÁ SEM ER FYRIR AFTAN (NR2) HITTIR OFAN Í KÖRFUNA. ÞÚ MÁTT SKJÓTA EINS OFT EINS OG ÞÚ ÞARFT TIL ÞESS AÐ SKORA, STRAX OG ÞÚ SKORAR ÞÁ ÞARFTU AÐ SENDA BOLTANN TIL NÆSTA ÞÁTTTAKENDA Í RÖÐINNI OG ÞÚ FERÐ AFTAST Í RÖÐINA. EF AÐ NR 1 NÆR EKKI AÐ SKORA Á UNÐAN NR 2, ÞÁ ER NR 1 ÚR LEIK OG NR 2 FER AFTAST Í RÖÐINA.

**TAKK FYRIR
OKKUR!**
